

138. löggjafarþing 2009 – 2010

318. mál

### Álit

um frv. til laga um tímabundna breytingu á heimildarlögum um stóriðju vegna skattgreiðslna á árunum 2010, 2011 og 2012 o.fl.

#### Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar

Með tölvupósti 18. desember sl. óskaði iðnaðarnefnd eftir umsögn fjárlaganefndar um 318. mál, þingskjal 370. Óskað var eftir því að umsögn bæriskt eigi síðar en á mánudagsmorgun 21. desember nk.

Fyrsti minni hluti fjárlaganefndar hefur farið yfir frumvarpið og telur að ekki sé unnt að samþykkja það í óbreyttri mynd. Samkvæmt frumvarpinu verður ráðherra heimilt að kveða með reglugerð á um að tiltekin stóriðjufyrirtæki greiði árlega fyrir fram í þremur greiðslum 1,2 milljarða kr. á árunum 2010-2012. Greiðslan kæmi upp í væntanlega álagningu tekjuskatts og annarra opinberra gjalda á árunum 2013-2018 hjá tilteknum stóriðjufyrirtækjum og yrði tekjufærð í bókhaldi ríkisins á næstu þremur árum. Þær færslur eru ekki í samræmi við gildandi reikningsskilastaðla. Samkvæmt lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, eru skattar lagðir á og greiddir af tekjum og hagnaði liðins árs. Þó svo að tekjuskattur einstaklinga sé greiddur í staðgreiðslu er hann lagður á eftirá. Hið sama á við um fyrirtæki. Reikningsskil ríkisins eru færð á rekstrargrunni og ber samkvæmt því að tekjufæra tekjur þegar þeirra er aflað án tillits til þess hvenær þær eru innheimtar. Í 26. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, kemur fram að tekjur sem innheimtar eru á rekstrarárinu en varða síðari reikningsár skuli færa til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Þá ber að sýna þær sérstaklega ef um verulegar fjárhæðir er að ræða eða geta þeirra í skýringum með ársreikningi en skýringar eru hluti ársreiknings. Á hinn bóginn eru tekjur reikningsársins sem innheimtast eftir lok þess eignfærðar í efnahagsreikningi.

Af þessu má sjá að þó svo að heimilað verði að innheimta umrædda skatta fyrir fram verður ekki unnt að tekjufæra þá nema lagabreyting komi til. Þá er fyrirframinnheimtur skattur sem þessi ekkert annað en lánveiting sem færiskt á efnahagsreikning en ekki rekstrarreikning.

Fyrirframgreiðsla skatta getur bætt greiðslustöðu ríkissjóðs til skamms tíma en ekki stöðu samkvæmt rekstrargrunni. Þá telur 1. minni hluti óeðlilegt að skattar séu innheimtir fyrir fram þar sem slík innheimta sé í reynd í mótsögn við það meginsjónarmið að sköttum ársins sé ráðstafað á sama ári. Þá vekur 1. minni hluti athygli á þeirri gengisáhættu sem kann að vera samfara þessari aðgerð. Auk þess telur 1. minni hluti að ekki sé við hæfi að ríkissjóður gangi á undan með slæmu fordæmi og brjóti bókhaldslög enda þótt lagaheimild sé veitt í íslenskum lögum til þessarar innheimtu. Innleiðing á regluverki Evrópusambandsins felur í sér aðlögun íslenskra laga. Líklega er því ekki heimilt að setja þessi lög vegna alþjóðlegra skuldbindinga, auk þess sem þau ganga gegn alþjóðlegum stöðlum um reikningshald og uppgjör.

Alþingi 19. desember 2009.

Kristján Þór Júlíusson.

Ásbjörn Óttarsson.

Þór Saari.



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/828*  
*komudagur 19.12.2009*

Reykjavík 19. desember 2009

Iðnaðarnefnd  
Hr. Skúli Helgason formaður  
Alþingi  
150 Reykjavík

Með tölvupósti, dags. 18. desember sl., óskaði iðnaðarnefnd Alþingis eftir umsögn fjárlaganefndar um 318. mál á þingskjali 37, sem er frumvarp til laga um um tímabundna breytingu á heimildarlögum um stóriðju vegna skattgreiðslna á árunum 2010, 2011 og 2012 o.fl. Óskað var eftir því að umsögn bærisk eigi síðar en á mánudagsmorgun 21. desember nk.

Fjárlaganefnd hefur farið yfir frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því að umrædd skattlagning eigi sér stað í samræmi við samninga þar um.

Virðingarfyllst,

Guðbjartur Hannésson  
formaður fjárlaganefndar Alþingis

FJÁRLAGANEFND